

FUNDARGERÐ Fundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness			
Dags. Fundar 8. febrúar 2011	Tími 17:00 – 18:00	Staður Mýrarhúsaskóli	Nr. fundar 4
Fundarboðandi Erla Gísladóttir formaður	Fundarritari Hulda Helgadóttir		Dags. 8. febrúar 2011
Viðstaddir: Erla Gísladóttir, Halldóra Pálsdóttir, Hrefna Birna Björnsdóttir, Maren Finnsdóttir, Hildur Jóhannsdóttir, Sigríður Sigmarsdóttir, Ingileif Jóhannesdóttir, Anna Margrét Hauksdóttir, Davíð Scheving, Hulda Helgadóttir.			

Dagskrá fundar	Ábyrgð
<p>Þrettándabrenna Athuga með þrettándabrennu á næsta ári.</p>	
<p>Öskudagur Anna Margrét verður tengiliður við skóla. Ingileif sér um að kaupa sælgæti og Hrefna sér um að kaupa sælgæti fyrir ofnæmisbörn.</p>	Anna Margrét Ingileif Hrefna
<p>Félagsgjöld Innheimta félagsgjalda gengur vel og áætla Ingileif að um 80% hafi innheimst nú þegar.</p>	Ingileif
<p>Foreldrarölt Foreldrarölt hefur gengið mjög vel það sem af er vetri.</p>	
<p>Skólaþing Skólaþing verður haldið þann 2. mars. Ákveðið að Erla sendi út tölvupóst til foreldra og hvetji til þátttöku.</p>	Erla
<p>Heimili og skóli Hildur fór yfir umfjöllunarefni fundar heimilis og skóla vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í menntakerfinu. Heimili og skóli mælist til þess að foreldrafélög óski eftir upplýsingum um hvernig niðurskurði muni vera háttað í sínu bæjar/sveitarfélagi.</p>	
<p>Skólaráð Einungis hefur verið haldinn einn fundur á vegum skólaráðs á þessu skólaári. Ákveðið að óska eftir fundi.</p>	Hrefna Anna Margrét
<p>Eineltismál og önnur mál Maren upplýsti fundinn um að hún hefði sett sig í samband við Selið, félags- og námsráðgjafa og fengið upplýsingar um að gerð hefði verið könnun sem beðið væri niðurstöðu úr um hvernig eineltisáætlun sú sem er í notkun er að skila sér.</p> <p>Hildur upplýsti fundinn um að á ráðstefnu hjá SAFT hafi m.a. verið fjallað um hættur er fylgja aukinni internetnotkun og símanotkun barna og hlutverk foreldra í því sambandi.</p> <p>Halldóra bar upp tillögu þess efnis að staðið yrði að fyrirlestrarröð um ofangreinda þætti.</p> <p>Ákveðið að Halldóra og Hildur taki að sér að athuga hvort það fáið góðir fyrirlesarar á aðalfund og fjalli um þessi efni.</p> <p>Ákveðið að óska eftir aukafundi með skólastjórnendum vegna eineltismála.</p> <p>Fundi slitið</p>	Halldóra Hildur Erla

Dagskrá fundar	Ábyrgð	